

JAFNLAUNASTEFNA

MANNAUÐSSTEFNA KRÓNUNNAR ER AÐ VERA FYRIRMYNDARVINNUSTAÐUR OG SKAPA STARFSUMHVERFI ÞAR SEM ÁHERSLA ER LÖGÐ Á ÞJÁLFUN, JAFNRÉTTI, HEILSU OG ÖRYGGI STARFSFÓLKS.

VIÐ SETJUM OKKUR JAFNLAUNASTEFNU TIL AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á HVERNIG VIÐ GÆTUM JAFNRÉTTIS Í ÁKVÖRÐUNUM SEM SNÚA AÐ LAUNUM. AÐ STARFSFÓLK HAFI JÖFN LAUN FYRIR SAMBÆRILEG EÐA JAFNVERÐMÆT STÖRF.

VIÐ STARFRÆKJUM JAFNLAUNAKERFI Í SAMRÆMI VIÐ JAFNRÉTTISLÖG OG ÚT FRÁ JAFNLAUNASTAÐLI ÍST 85 TIL AÐ VOGA STÖRF OG VERÐMETA ÞAU.

JAFNLAUNAVIÐMIÐ OKKAR ERU ÞAU VIÐMIÐ SEM NOTUÐ ERU TIL AÐ ÁKVEÐA LAUN FYRIR TILTEKIÐ STARF. ÞAU ERU MÁLEFNALEG OG FELA HVORKI Í SÉR BEINA NÉ ÓBEINA MISMUNUN.

VIÐ GREIÐUM LAUN OG HLUNNINDI Í SAMRÆMI VIÐ HÆFNISKRÖFUR STARFA, ÁBYRGÐ OG ÁRANGUR.

ALLAR LAUNAÁKVARÐANIR SKULU VERA GEGNSÆJAR, MÁLEFNALEGAR, SKJALFESTAR OG REKJANLEGAR.

JAFNLAUNASTEFNA ER RÝND ÁRLEGA Í INNRI ÚTTEKT ÁSAMT ÞVÍ AÐ LAUNAGREINING ER FRAMKVÆMD. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA OG FRÁVIK ERU METIN ÁSAMT ÞVÍ AÐ VIÐ SETJUM OKKUR MARKMIÐ Í SAMRÆMI VIÐ LAUNASTEFNU.